

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 4. tbl. 10. árg. 26. febrúar 2016

Myndir augnabliksins eru frá köngulóarsamveru á Engjarós - Kíðagili.



Fjölmenningardagar.

Á Hulduheimum – Seli eru þessa dagana fjölmenningardagar. Þá er fjallað um þau lönd sem skólanum tengjast. Foreldrar sem eru af erlendu bergi brotnir eru hvattir til að koma og aðstoða við kynninguna og börnin frá viðkomandi löndum hjálpa við að kynna landið sitt. Hvert land fær einn dag og hittast allir í sal skólans. Þá er fjallað um hvar landið er, hvað einkennir landið og hvað eina sem kennarar og foreldrar vilja koma á framfæri.



Tilgangur fjölmenningardaga er að fræða, auka viðsýni barna og full-orðinna og ekki síst að sýna fólki sem er af erlendu bergi brotið virðingu.

Byrjað var á íslenskum degi og þá var þorralblót. Því næst var dagur Póllands, en þaðan eru fjögur börn, foreldrar mættu og buðu upp á pólska ostaköku og góða kynningu á landi og þjóð. Þá var dagur Rúmeníu, ein stúlka og einn kennari eru þaðan, stúlkan fór með ljóð, sýndar voru myndir frá landinu og sýnd var rúmensk barnastjarna að syngja vinsælt rúmenskt barnalag. Argentínskur dagur fylgdi í kjölfarið, einn drengur á föður þaðan, hann aðstoðaði meðal annars við að telja á spönsku. Ein stúlka fæddist í Bandaríkjunum og á bandaríska móður sem kom í heimsókn í tilefni bandaríska dagsins. Skoski dagurinn var alveg stórfenglegur, öll fjölskyldan mætti, pabbinn (skoskur) kom í fullum skrúða, söng baráttusöng Skota, sýndi okkur eitt og annað og fræddi okkur mikið. Sonurinn (nemandinn) var líka klæddur í skoskan þjóðbúning. Svo buðu þau upp á haggis og allt með og mamman var búin að baka buttercakes, skoskt smábrauð sem er gott með teinu. Framundan er kynning á Englandi en þaðan kemur einn kennari og í lokin er einn dagur sem tileinkaður er afrikuríkinu Búrúndí, en þaðan er SOS drengurinn sem þau styrkja.



Athygli er vakin á hljóðbókum og talgervlum fyrir lesblinda.

Á vefsíðu Oddeyrarskóla er vakin athygli á því að allir þeir sem greinst hafa með lesblindu eiga rétt á að nýta sér bókakost og talgervil hljóðbókasafnsins. Þetta eru þarfar ábendingar fyrir alla nemendur í grunnskólum Akureyrar. Hægt að fá endurgjaldslausu sendan talgervil sem settur er upp í heimilistölvu, spjaldtölvu eða síma. Talgervillinn les upp af neti, pdf skjöl og texta sem skrifaður er upp í tölvuna. Við hvetjum alla sem eiga rétt á að nýta sér þessa tækni að kynna sér málið. Í [Oddeyrarskóla](#) er hægt að fá aðstoð við að fá aðgang og leiðbeingar um notkun. Nánari upplýsingar eru á heimasíðum [Hljóðbókasafns Íslands](#) og [Blindrafélagsins](#).

Flöskuskeyti frá Hlíðarskóla fannst í Hollandi.

Í Hlíðarskóla er það orðinn fastur liður í veltínum að nemendur sendi flöskuskeyti. Sum þeirra hafa komið í leitirnar og hafa þeir sem fundið hafa þau stundum haft samband til að láta vita af fundinum. Á dögunum barst tölvupóstur frá tveimur konum sem höfðu fundið flöskuskeyti sem einn af nemendum skólans hafði sent af stað fyrir nærri tveimur árum, eða 31. mars 2014.

Skeytið fannst við stendur bæjarins Zandvoort sem er í um það bil 20 mínútna fjarlægð frá Amsterdam. Myndin með fréttinni er af annarri konunni sem fann skeytið.



Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Sköpun bernskunnar 2016 í Ketilhúsinu.

Þetta er þriðja sýningin undir heitinu *Sköpun bernskunnar*. Hún er sett upp til þess að örva skapandi starf og hugsun allra skólabarna, á aldrinum tveggja til sextán ára. Þátttakendur hverju sinni eru börn, starfandi listamenn og Leikfangasýningin í Friðbjarnarhúsi. *Sköpun bernskunnar* er því samvinnuverkefni í stöðugri þróun og er hver sýning sjálfstæð og sérstök. Sýningin hefur vakið verðskuldaða athygli og er einstök hvað varðar samvinnu myndlistarmanna og barna. Einnig verða sýnd myndverk frá námskeiði sem haldið var í tengslum við *Sköpun bernskunnar 2015* þar sem leiðbeinendur voru Erwin van der Werve og Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir. Sýningin stendur frá 5. mars - 24. apríl.

Þátttakendur í ár eru: Hríseyjarskóli, Leikskólarnir Hólmasól, Sunnuhlíð og Pálmholt, grunnskólarnir Naustaskóli og Síðuskóli, Leikfangasýningin í Friðbjarnarhúsi og listamennirnir Áki Sebastian Frostason, Anne Balanant, Björg Eiríksdóttir, Elsa Dóra Gísladóttir, Egill Logi Jónsson og James Earl Ero Cisneros Tamidles. Sýningarstjóri: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.

Skapandi skólastarf.

Menntamálastofnun hefur gefið út handbókina "Skapandi skólastarf" í rafrænu formi. Með útgáfunni verður bókinn öllum aðgengilegri. Bókinn inniheldur skapandi námshugmyndir s.s. hlutverkaleiki og rauntengt nám, þemu og söguramma, tækni og tjáningu svo eitthvað sé nefnt. Í inngangi bókarinnar segir m.a. að hún sé ætluð til að vera uppspretta hugmynda um skapandi skólastarf og meðal annars vísað í möguleika tækninnar í þróun kennsluhátta. Bókinn byggir á kenningum um félagslega hugsmíðahyggju (e. social constructivism) þar sem litið er á að einstaklingarnir sjálfir móti merkingu og þekkingu úr reynslu sinni og að félagsleg samskipti og samvinna hafi jákvæð áhrif á sköpun þekkingar og þar með námsárangur.

Kennarar gegna lykilhlutverki í skólastarfinu og það er þeirra að skapa í skólanum frjótt vinnuumhverfi, vekja áhuga nemenda á viðfangsefnum og ýta undir að nám fari fram, segir einnig í inngangi bókarinnar.



„Útivistarreglur“ um skjátíma barna og unglunga.

Boðað er til málþings í Hofi miðvikudaginn 9. mars kl. 16:30-19:00 en markmiðið með þinginu er að móta viðmið um skjátíma barna og unglunga á Akureyri og þar horft til góðs árangurs af útivistarreglum fyrir sama aldurshóp. Mikilvægt er að hafa í huga að þessi viðmið geta gagnast jafnt börnum, unglungum sem og fullorðnum, því flest þekkjum við þá tilfinningu að við eyðum óhóflegum tíma við skjá. Dagskráin byggir á kynningu á viðfangsefninu og síðan

umræðu þátttakenda í hópum. Gert er ráð fyrir að málþingið leggi fram sameiginlega tillögu að viðmiðunum um skjátíma sem fara í kynningu og síðan til loka úrvinnslu hjá Samtaka – samtökum foreldrafélaga á Akureyri og samfélags- og mannréttindaráði, sem standa saman að útgáfu þeirra og kynningu.

Allir velkomnir.

Komum saman og mótum samfélagssáttmála um skjátíma.

Skráning á Facebook síðu verkefnisins. <https://www.facebook.com/vidmid/>

Pappakallar á Iðavelli.

Úr pappa má gera margt sniðugt eins og sjá má á myndunum. Leikskólinn fékk gefins pappa sem búið er að nýta í ýmislegt skemmtilegt eins og t.d. þessa flottu pappakalla.

